



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Samráðsgátt mál nr. 129/2021

Reykjavík 02. júlí 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – Drög að stefnu

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## **Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum - drög að stefnu**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja mjög mikilvægt og fagna því að gera eigi stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum, óháð áætlun um kolefnisbindingu.

Samtökin vilja þó leggja áherslu á mikilvægi þess að koma í veg fyrir og draga úr loftslagsbreytingum og að gerðar séu ítarlegar áætlanir þar að lútandi. Ekki síst þarf að hraða orkuskiptum í samgöngum með uppbyggingu innviða svo að fjölskyldur sjái möguleika í breyttum samgöngumáta, að skipta út fjölskyldubílum í rafbíl, fækka bílum á heimilum eða tileinka sér bíllausan lífsstíl. Slíkt hið sama gildir um aðra aðila samfélagsins eins og opinbera aðila, fyrirtæki og samtök.

Barnaheill vilja benda á að í starfshópi um aðlögun að loftslagsbreytingum er enginn aðili sem tengist menntamálum, heilbrigðismálum eða velferðarmálum, þrátt fyrir að ráðuneyti þeirra málaflokka séu talin gegna ríku hlutverki þegar kemur að aðlögun gegn loftslagsbreytingum. Samtökin leggja til að úr þessu verði bætt. Jafnframt að samráð verði haft við fleiri aðila og fjölbreyttari svið samfélagsins en nú hefur verið gert. Þar má nefna aðila frá frjálsum félagasamtökum og börn og ungmenni. Í raun ætti fulltrúi barna og ungmenna að vera í starfshópnum. Ekki síst er þetta mikilvægt út frá 12. grein Barnasáttmálans og 7. grein Parisarsamningsins um aðlögunarhæfni. Þar segir að taka skuli tillit til kynjasjónarmiða, áætlunin skuli byggjast á þátttöku, vera gagnsæ og taka tillit til viðkvæmra hópa. Þátttaka barna og ungmenna í stefnumótun er mikilvæg. Þó ber að fagna að ekki hallar á konur í hlutfalli þeirra sem eru fulltrúar í hópnum.

Mikilvægt er að í áætlunum sé félagslegs réttlætis gætt og jöfnuðar. Loftslagsbreytingar mega aldrei auka á misskiptingu. Samtökin taka því undir tillögur að grunngildum aðlögunarstefnu, þar sem m.a er kveðið á um að tekið skuli mið af verstu þróun og félagslegum áhrifum loftslagsbreytinga, sérstaklega fyrir hópa fólks sem eru viðkvæmir fyrir og tengslum loftslagsvár við félagslegt réttlæti. Því er gríðarlega mikilvægt að fólk sem hefur þekkingu á þessum málefnum og hefur reynslu af þeim séu fulltrúar í umræddum starfshópi.

Barnaheill fagna því að lýðheilsuþætti séu hluti af áætluninni. Þó vilja samtökin nefna að sérstaklega þarf að skoða áhrif loftslagsbreytinga á lýðheilsu barna, aðstæður í lífi þeirra og leik og fjárhagslega stöðu fjölskyldna þeirra. Þær ógnir sem steðja að sökum loftslagsbreytinga geta valdið kvíða og áhyggjum meðal barna.

Börn eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu, ekki síst þar sem þau eru að vaxa og þroskast. Öll neikvæð umhverfisáhrif hafa því sérstaklega og aukin slæm áhrif á börn. Huga þarf að slíku við skipulag og staðsetningu skóla, ekki síst leik- og grunnskóla. Tryggja þarf að skólar og önnur mannvirki og svæði ætluð börnum séu í heilnæmu umhverfi og hættulausu.

Hætta er á auknum ójöfnuði af völdum loftslagsbreytinga og viðkvæmir hópar eiga meira á hættu að verða fyrir skakkaföllum og heilsutjóni af margvíslegum ástæðum, ekki einungis vegna smit- eða öndunarfærasjúkdóma eins og tilgreint er. Þeir hafa t.a.m. minni tök á að bregðast við óvæntum áföllum s.s. sökum fjárhagslegrar stöðu. Eins og fram kemur í áætluninni eiga samfélög sem búa við efnahagslegan og félagslegan stöðugleika og sterka samfélagslega innviði auðveldara með að verjast áföllum. Slíkt hið sama á við um fjölskyldur. Barnafjölskyldur á Íslandi hafa þunga framfærslu og hafa gjarnan ekki tök á að standa straum af óvæntum áföllum eða skakkaföllum. Því er mikilvægt að staða barnafjölskyldna sé sérstaklega skoðuð.

Þar sem aukinn flóttamannastraumur er ein afleiðing loftslagsbreytinga vilja Barnaheill að sérstaklega sé skoðuð staða barna á flóttu og þær hættur og áskoranir sem þau standa frammi fyrir.

Til þess að auðvela aðlögun samfélagsins að loftslagsbreytingum er þekking og menntun lykilatriði. Menntakerfið þarf því að vera hluti af lausninni. Menntakerfið hefur til þessa ekki verið með heildstæða áætlun um fræðslu til að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar, né að sjálfbær þróun hafi verið samþætt námi og kennslu á öllum skólastigum og öllum fræðigreinum. Mikilvægt er að bæta úr því samhliða fræðslu um aðlögun.

Þeir einstaklingar sem nú eru börn eru fyrsta kynslóðin sem elst upp við þennan nýja veruleika og þarf að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga á sínu æviskeiði öllu. Sérstaklega þarf að huga að velferð þessarar kynslóðar, menntun, líkamlegri og félagslegri heilsu og geðheilsu.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og telja afar mikilvægt að við allar ákvarðanir sé hugað að bestu hagsmunum barna, ekki síst við stefnumótun í loftslagsmálum.